

17 nem. ef aldursflokkar eru þrír
22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Í 9. og 10 bekk skal miða við að deildir séu ekki færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

12. gr.

Í fámennum skólum þar sem nemendur í 1. - 8. bekk eru saman í deildum, skal miða við að heildarstundafjöldi og innbyrðis hlutföll milli námsgreina séu sem næst því sem segir í 2. og 3. gr.

13. gr.

Kennsluáætlanir skóla samkvæmt reglum þessum skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

Reykjavík, 23. mars 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Höfn árið 1994.

1. gr.

Bæjarfélaginu Höfn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorphílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald sem miðast við áætlaðan fjölda sorphíláta að mati bæjarráðs Hafnar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1994 er sem hér greinir:

Sorphreinsigjald	kr. 4.500
Sorpeyðingargjald	kr. 1.500

Samtals sorphirðugjald kr. 6.000

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1994.

Umhverfissráðuneytið, 2. maí 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. apríl 1994 staðfest svæðisskipulag 1992-2012 fyrir sveitarfélögin Akranes, Innra-Akraneshrepp, Hvalfjarðarstrandarhrepp, Leirár- og Melahrepp og Skilmannahrepp.

Landnotkunaruppdráttur, vatnsverndaruppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórna ofangreindra sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 26. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykhólts í Biskupstungum 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. apríl 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Reykhólts í Biskupstungum 1989-2009.

Breytingin felst í því að um sjö hundruð og fimmtíu metra löng spilda norðan Biskupstungnabrautar er tekin undir flugbraut í stað túna og skógræktar.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 25. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.